

Spurningar Umbótar vegna fundargerðar USK liður 12

Hefur Swiss Green Gas International hafi staðið við fyrri verkefni?

Er rekstrarhæfi þess tryggt?

Er raunverulega næg koldíox (Co2) losun frá jarðvarmavirkjuninni til staðar fyrir 28 megavatta (MW) framleiðslu?

Ef svo er ekki, hvað þarf þá að flytja inn mikið magn af mengun?

Hvernig verður tryggt að mengun og önnur áhrif verði í raun innan ásættanlegra marka, ekki bara í byrjun heldur áratugi fram í tímann?

Í skýrslunni kemur fram að mengun verði „ásættanleg,“ það er í rauninni huglægt mat sem krefst frekari greiningar, sérstaklega þegar um er að ræða langtímaáhrif. Einnig kemur fram í skýrslunni með leyfi forseta, „áhættumat verður framkvæmt fyrir reksturinn og nákvæmari öryggisaðgerðir verða skilgreindar, byggt á sértækum hættum vegna hugsanlegs metanólsleka. Gerð verður grein fyrir þessum aðgerðum í starfsleyfi.“ Ég get varla orða bundist, hvers vegna er ekki gerð grein fyrir þessum aðgerðum í skýrslunni

„Vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar eru áhrif á rekstartíma metin nokkuð neikvæð á sjó og ásýnd lands og landslag. Nokkuð neikvæð áhrif verði á ferðamennsku og útivist. Áhrif vegna efnahættu eru talin nokkuð neikvæð

Umbót telur að ein svona lítil skýrsla sé alls ekki tæmandi.